

Haraldur Ólafsson¹ and Þórður Arason²

1) Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands

2) Veðurstofu Íslands

Mestu villur í 5 ára safni veðurspáa

Mestu villur í 48 klst. vindaspám á 5 ára tímabili eru kannaðar með samanburði við háloftamælingar yfir Keflavíkurflugvelli. Almennt gildir að óveðrum í neðri hluta veðrahvolfsins er vel spáð. Vestlægum hvassviðrum er afar vel spáð, í nokkrum tilvikum er spáð allt of miklum vindi af suðaustri og almennt virðist reiknilíkanið vanmeta vindstyrk í óveðrum af norðaustri.

Skekkan í norðaustlægu áttunum virðist að einhverju marki tengjast áhrifum landslags sem ekki kemur fram í reiknilíkaninu. Hlélægð Íslands er að líkindum vanmetin og eins leitni loftmassans til að leita framhjá fyrirstöðunni sem fjöllin suðvestanlands mynda. Suðaustanveðrin tengjast oft hraðfara loftmassaskilum. Lítil hliðrun á skilunum í tíma getur komið fram sem veruleg spáskekka, en raunverulegt gildi veðurspárinnar kann þó engu að síður að vera mikið.